

HVAÐ ER HUGVEITAN?

Hugveitan er nýstárleg nálgun á rafrænt lýðræði. Henni er ætlað að sameina kosti umræðu- og athafnastjórn mála og finna jafnvægi milli fulltrúalýðræðis og beinnar þátttöku borgaranna. Með henni er leitast við að gera afskipti almennings af málefnum samfélagsins jafn einföld og notkun á heimabanka og jafn áhrifarík eins og gæði og framsetning hugmynda hvers og eins gefur tilefni til. Í henni felst raunhæf leið til þess að ná bestu og mest ígrunduðu hugmyndunum sem unnið er að í öllum kimum samfélagsins upp á yfirborið og í samhenta framkvæmd undir forystu kjörinna fulltrúa.

Hugmyndin er sú að á Hugveitunni geti borgarar landsins unnið í samvinnu við hverja aðra og í samvinnu við stjórnvöld við að útfæra hugmyndir og leggja að lokum fullbúnar tillögur fyrir ráðamenn í formi frumvarpa til laga, tillagna til þingsályktunar, niðurstaðna á skýrsluformi, tillagna sem lagðar eru fyrir sveitarstjórnir, ráðuneyti, stofnanir og svo framvegis. Í sama umhverfi gæti frumvarpsgerð ráðuneyta og Alþingis farið fram með því gagnsæi og þeim möguleikum á þátttöku borgaranna sem henta þætti í hvert sinn.

Ritstýring vefsins og framgangur hugmynda væri unninn á opinn og hlutlægan hátt með sjálfvirkum aðferðum út frá þeim gögnum sem myndast við notkun borgaranna á kerfinu. Formleg og óformleg álitsgjöf og kosningar sem notendur tækju þátt í væru nýttar á gagnsæjan hátt til þess að skera úr um framgang hugmynda allt frá frumstigum að fullvinnslu og framkvæmd.

Hugbúnaðurinn sjálfur væri með opinn grunnkóða og tæki breytingum miðað við þarfir og tækni hvers tíma. Einhver frumgerð yrði tekin í notkun í upphafi en með tímanum mundu verkferlar og viðmót taka breytingum og þroskast. Hugveitan gæti vaxið og dafnað eftir því sem áhugasamir byggðu við hana og fengju samþykktar frá sér uppfærslur og viðbætur. Það er vel þekkt fyrirbæri í hugbúnaðargeiranum og getur með þessum vettvangi yfirfærst á samfélagið allt. Margar hendur vinna létt verk.

Fyrst og fremst er Hugveitan verkfæri. Hún er viðbót við núverandi kerfi, tengist engri pólitískri stefnu og er óháð því hverjir gegna embættum í samfélaginu hverju sinni. Hún er einföld leið sem gefur umræðustjórn mála-mönnum vettvang, athafnastjórn málamönnum tilbúnar lausnir og þjóðinni tækifæri til að vera með, sýna frumkvæði og taka ábyrgð.


Eftirfarandi eru fáeinir áherslupunktur.

Markmið:

1. **Virkja frumkvæði, hugmyndir, reynslu og þekkingu** almennings til úrvinnslu samfélagslegra mála
2. **Auka gagnsæi** stjórnkerfisins og efla **gagnkvæman skilning** milli almennings og stjórnvalda
3. **Tengja saman fólk** sem vill vinna að svipuðum málefnum
4. **Opna almenningi leiðir** til að koma málum sameiginlega á dagskrá alls staðar í stjórnkerfinu

Virgni:

1. **Sameiginlegur** þingsalur og nefndavinnuaðstaða fyrir almenning og stjórnvöld á internetinu
2. Eftir ákveðnum ferlum eru **hugmyndir fullunnar á Hugveitunni** þar til næg samstaða næst, en þá fara þær til **endanlegrar ákvörðunar í stjórnkerfinu** (Mynd 1)
3. Almennungi gert kleift að vinna með raunhæfum hætti að málum frá frumstigum til fullvinnslu



Mynd 1. Myndin sýnir feril lagafrumvarps gegnum almennt ferli Hugveitunnar. Fái frumvarp synjun Alþingis gefst tækifæri á að vinna málið frekar með hliðsjón af umræðum á Alþingi.

Fyrir hvers konar verkefni virkar Hugveitan?

- Fyrir allt sem við kemur verkefnum sem nú þegar eru á hendi stjórnvalda
 - Smíði lagafrumvarpa
 - Mótun þingsályktana
 - Endurskoðun stjórnarskrár
 - **Hugmyndir til atvinnuuppbyggingar**
 - Sveitastjórnarmál
 - o.s.frv.
- Fyrir mótun stefnu og framtíðarsýnar innan sem utan stjórnmalaflokka í stórum og smáum málaflokkum
- Fyrir allt sem sjónarmið eru uppi um í samfélaginu að vera skuli á hendi stjórnvalda
- Fyrir allt sem við kemur betra samfélagi

Hvers vegna virkar það?

1. Almennigur sem heild býr yfir allri þeirri þekkingu sem til staðar er innan stjórnkerfisins, og meira til, þar sem í stjórnkerfinu starfar einungis almenningur og aðeins hluti af honum
2. Fáir almenningur greinarbetri upplýsingar um mál, með auknu gagnsæi, mun fólk með fjölbreytta menntun standa jafn vel að vígi í mörgum málum og fólkinn innan stjórnkerfisins
3. Flestir hafa einungis ástríðu fyrir takamörkuðum fjölda mála sem eru þeim þó mjög mikilvæg. Þessum málum væri fólk tilbúið að vinna að á áhrifaríkum vettvangi þó svo að það veigri sér við því að leggja út í frama í pólitík
4. Einn sameiginlegur samstarfsvettvangur hefur möguleika á að vera skilvirkari og réttlátari lýðræðisvettvangur en bloggheimar og ýmsar misvel auglýstar heimasíður. Ef ríkið byrjaði að nota Hugveituna fyrir sína starfshópa og nefndir mundi það auka gagnsæið gríðarlega og venja fólk við að sækja inn á síðuna
5. Mörg mál sem fólk er að reka sig á í daglegu lífi eru ekki nógu stór til að verða að kosningamáli en gætu fengið farsæla úrlausn á Hugveitunni
6. Stjórnvöld taka áfram endanlegar ákvarðanir og geta því haldið utan um heildarstefnu samfélagsins. Þannig spara þau almenningi einnig vinnu við hreina hagsmunagæslu á Hugveitunni og opna möguleika fyrir meiri skapandi vinnu við hugðarefni hvers og eins
7. Búast má við að þetta hlaði utaná sig því að **ein hugmynd getur af sér aðra**

Hugveitan er:

- Hugmynd sem ryður öðrum hugmyndum braut
- Lýðræðisleg leið til þess að virkja einstaklingsframtakið í þágu samfélagslegra mála á samfélagslegum vettvangi
- Viðbót við núverandi stjórnkerfi en kemur ekki í staðinn fyrir neitt sem fyrir er
- Leið að eflingu lýðræðissamfélags

Guðmundur Ágúst Sæmundsson
Netfang: hugveitan@hugveitan.is
Vefslóð: <http://www.hugveitan.is>